

**Þingsályktun**

**um styttingu vinnutíma.**

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera skýrslu um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á meðal Evrópuþjóða, einkum annarra norrænna ríkja, sem miða að styttingu vinnutíma og fjölgun starfa. Í skýrslunni verði gerð grein fyrir eðli og umfangi aðgerða, kostnaði og árangri eftir því sem upplýsingar frá stjórnvöldum, aðilum vinnumarkaðar eða alþjóðastofnunum gefa tilefni til.

*Samþykkt á Alþingi 7. maí 1994.*